

Bréf

Alþingi, nefndasvið Austurstræti 8 - 10 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 7. september 2016 2016010053
---	--

Efni: Efni: Umsögn - tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur - 813. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. ágúst 2016, þar sem Barnaverndarstofu er gefið tækifæri til þess að veita velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur jákvætt að Alþingi ætli að setja sérstaka stefnu um málefni fjölskyldunnar. Efni tillögunnar er mjög í anda eldri fjölskyldustefnu sem fyrst var lögð fram á Alþingi 1995 og var samþykkt á árinu 1997.

Barnaverndarstofa telur rétt að vekja sérstaklega athygli á tveimur atriðum varðandi tillöguna:

Annars vegar fagnar Barnaverndarstofa því ef það á að setja á fót sérstakt fagråd um fjölskyldurétt og vekur í því sambandi athygli á að í þeirri fjölskyldustefnu sem Alþingi samþykkti á árinu 1997 var gert ráð fyrir sambærilegu ráði, sem kallað var fjölskylduråd.

Hins vegar vekur Barnaverndarstofa athygli velferðarnefndar á því að í þeim tillögum sem varða barnavernd þá er víða fjallað um að koma á úrræðum eða veita þjónustu. Mörg þeirra lúta í raun að lögbundnum verkefnum sem ríki og sveitarfélög sinna í dag en reynslan hefur sýnt að fjármuni skorti til þess að hægt sé að efla þá þjónustu eða koma á fót nýjum úrræðum. Einnig er í sumum tilfellum um að ræða yfirgripsmiklar tillögur, s.s. samræmt skráningarkerfi í barnavernd.

Í upprunalegri tillögu um fjölskyldustefnu sem lögð var fram á Alþingi 1995 var gert ráð fyrir stofnun sérstaks fjölskyldusjóðs sem átti að standa straum af þeim kostnaði sem tillagan hefði í för með sér. Þegar tillagan var svo samþykkt tveimur árum síðar hafði verið fallið frá hugmyndum um þennan sjóð. Afleiðingar þess urðu þær að ýmsar góðar hugmyndir eldri fjölskyldustefnu komust aldrei til framkvæmda þar sem fjármunir voru ekki fyrir hendi.

Veldur það Barnaverndarstofu þannig nokkrum áhyggjum að tillagan gerir í fæstum tilvikum ráð fyrir því að sérstakir fjármunir verði veittir til þess að hrinda einstaka þáttum tillögunnar til framkvæmda. Er þannig fyrrséð að einstaka þættir tillögunnar muni ekki koma til framkvæmda ef fjármögnum þeirra er ekki tryggð með fullnægjandi hætti.

Hvað tillöguna varðar efnislega að öðru leyti þá er um að ræða yfirgripsmikla tillögu sem varðar fjölmarga þætti sem kalla á ítarlega skoðun en Barnaverndarstofa kom ekki að gerð áætlunarinnar og hafði ekki séð tillöguna fyrr en óskað var eftir umsögn þessari. Í ljósi þess telur Barnaverndarstofa ekki forsendur fyrir því að gera athugasemdir við einstaka þætti tillögunnar á þessu stigi málsins en er reiðubúin til þess að koma með athugasemdir við þá þætti hennar sem lúta að barnavernd og starfsemi barnaverndaryfirvalda óski velferðarnefnd eftir því.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar vegna málsins verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu